

Fundargerð 8. fundar hreppsnefndar Ásahrepps haldinn að Laugalandi kl. 15 11. nóvember 2014.

Mætt eru Egill Sigurðsson, Renate Hannemann, Nanna Jónsdóttir, Karl Ölvirsson og Elín Grétarsdóttir. Björgvin G. Sigurðsson ritaði fundargerð.

Egill Sigurðsson oddviti setti fund og stjórnaði honum.

- 1. Fundargerð 7. fundar hreppsnefndar kynnt.**
- 2. Kynning á starfsemi Félags- og skólaþjónustunnar.**

Katrín Þorsteinsdóttir félagsmálastjóri og Edda Antonsdóttir forstöðumaður skólaþjónustunnar kynna hana.

- 3. Fjárhagsáætlun 2015-2018.**

Afgreiðsla: Katrín Sveinsdóttir KPMG fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2015-2018. Helstu upplýsingar: Gert er ráð fyrir lækkun útsvarsprósentu úr 12,48% í 12,44% sem er lægsta leyfilega prósentan. Reiknað með óbreyttum álagningarhlutföllum fasteignaskatta, 0,32% af fasteignamati á eignir í A flokki og 1,65% á eignir í C flokki. Áætlað að fasteignaskattar verði 117,5 mkr, árið 2015 sem er um 3,0% hækkun frá 2014. Ekki er reiknað með jöfnunarsjóðsframlagi á tímabilinu.

Gert er ráð fyrir hreinsun rotþróa annað hvert ár, og fellur það á 2015 og 2017.

Gert er ráð fyrir 70 milljón króna fjárfestingu í ljósleiðara 2015 og 10 mkr árið 2016 sett í b hlutasjóð og Aðalsjóður láni til framkvæmdanna.

Reiknað er með framlagi til Lunda 3,6 mkr 2015, 17,2 mkr 2016 og endurgreiðslu frá Ríkissjóði kr 6,8 mkr árið 2017.

Lagt er til að 50% af dagvistargjöldum foreldra leikskólabarna verði greidd af sveitarfélaginu og að elsti árgangurinn verði gjaldfrjáls frá áramótum 2015. Þetta er aukin kostnaður upp á 2-2,7 mkr á ári, breytileg upphæð eftir fjölda barna.

Bókun sveitarstjórnar vegna lækkunar leikskólagjalda: Lagt er til í fjárhagsáætlun næsta árs að stigið verði stórt skref í átt að gjaldfrjálsum leikskóla. Nú þegar greiðir sveitarfélagið að fullu fyrir máltíðir barna í grunn- og leikskólum. Lagt er til í fjárhagsáætlun að á næsta ári veiti sveitarfélagið 50% afslátt af gjaldskrá leikskólans af dagvistargjöldum og að elsti árgangurinn verði gjaldfrjáls að fullu.

Þetta er mikið hagsmunamál barnafjölskyldna og kemur hreppurinn nú verulega á mótis við kostnað við leikskólagöngu barna og jafnar aðstöðu foreldra til að senda börn sín í leikskóla, óháð efnahag. Að auki er það mat hreppsnefndar að það sé réttur barna að eiga þess kost að ganga í leikskóla, sérstaklega síðasta árið, enda lítur hreppsnefnd svo á að það sé í raun fyrsta skólaárið í grunnskólagöngu hvers barns.

Með upptöku tómstundastyrkja og þeirrar lækkunar á leikskólagjöldum sem lögð er til er verið að verja sömu upphæð til barnafjölskyldna og ef leikskólagjöld yrðu felld niður að fullu.

Frekari skref verða stigin á næstu árum í átt að gjaldfrjálsum leikskóla, en vegna stórra framkvæmda hreppsins á stuttum tíma, á borð við ljósleiðaralögn og viðbyggingu Lundar, er skynsamlegt að ná því markmiði í skrefum og meta reynsluna af hverjum teknum áfanga.

Í fjárhagsáætlunni er jafnramt lagt til að teknir verði upp tólmstundastyrkir, hvatagreiðslur, fyrir börn upp að 18 ára aldri að hámarki 50 þúsund á ári.

Tekjur ársins 2015 eru áætlaðar 196.465. Gjöld eru áætluð 155.530- mkr.

Rekstrarniðurstaða ársins án fjármagnsliða er áætluð 39.732 mkr. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar með fjármagnsliðum er áætluð 40.892- mkr.

Heildarfjárfesting ársins 2015 er áætluð 78.288- mkr. og þar af 70.000- mkr. vegna lagningar ljósleiðara.

Unnið er að framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið sem verður kynnt á íbúafundi. Til dæmis að umhverfisátaki árið 2017 fyrir 35.000- mkr. sem er nýr liður í framkvæmdaáætlun. Þá er áætlað að verja í atvinnu- og ferðamál 10.000 mkr á árið 2016-2018 og 30.000- mkr í vegagerð árið 2018.

Áætlað að leggja 5 mkr. í merkingar í byggð og á afrétti hvort ár 2016 og 2017 við mörk sveitarfélagsins og við menningarminjar.

Áætlað er að verja 500.000 þúsund kr til að halda upp á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna árið 2015.

Handbært fé í lok tímabilsins er áætlað 35.176- kr. og sveitarfélagið skuldlaust.

Fjárhagsáætlun vísaði til síðari umræðu sem fer fram 26.11. kl. 15.00, 2014.

4. Fundargerðir til afgreiðslu.

- a. Skipulags og byggingafulltrúi. Afgreitt 22. október 2014. Mál nr. 1. Málsnúmer 201406825457. Skógarás 204645. Íbúðarhús. Eigandi Magni Sverrir Sigurhansson. Íbúðarhús á tveimur hæðum. 160 fm. Samþykkt uppfyllir ákvæði laga 160/2010. Afgreiðsla staðfest.
- b. Mál nr 1. Fundur 16.10.14. Málsnúmer 201410855682. Lagt fram erindi eigenda Vetleifsholts 2. Afgreiðsla Skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn.
- c. Mál nr.6. Málsnúmer 201408175589. 06.11.14. Fundur í Skipulagsnefnd. Lagt fram að nýju lóðablað er varðar lóð úr landi Ásmundarstaða 1 3/5. Afgreiðsla Skipulagsnefndar frestað. Það staðfest af sveitarstjórn.

5. Fundargerðir til kynningar.

- a. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu 5. nóvember 2014.
- b. Fundargerð Brunavarna Rangárvallasýslu 5. nóvember 2014.
- c. Fundargerð haustfundar þjónustusvæðis um málefni fatlaðra 22.10.14.
- d. Fundargerð Félags- og skólaþjónustunnar 29. október.
- e. Aðalfundur Samaka orkusveitarfélaga 10. október 2014.
- f. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands 6. október.
- g. Fundur stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúa 16.10. 2014.
- h. Stjórn Lundar 4. fundur. 7.10.14.

- i. Stjórn Lunda 5. fundur 10.11.14.
- j. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúa 6.11.14.
- k. Skipulagsnefnd 6.11.14.
- l. Stjórn Húsakynna 10.11.14.

6. Staðan á hönnun á lagningu ljósleiðara.

- a. Guðmundur Daníelsson er að ljúka forhönnun á lagningu ljósleiðarans. Hann mun kynna hana á næsta fundi hreppsnefndar. Lagt er til og ákveðið að þeir sem eiga lögheimili í Ásahreppi 1. desember 2014 fái lagningu og tengingu ljósleiðara sér að kostnaðarlausu, en skuldbinda sig til áskriftar að ljósleiðaranum í 3 ár fyrir 3000,- á mánuði. Þeir sem síðar bætast við þurfa að greiða raunkostnað við lagningu leiðarans, líkt og sumarhúsaeigindur og íbúar annarra sveitarfélaga sem óska eftir tengingu að ljósleiðaranum vegna nálægðar við lögnina. Ljósleiðaralagning að atvinnuhúsnaði verði greidd að raunkostnaði. Það samþykkt.

7. Mörk þjóðlendu við Sultartangalón. Frestað til næsta fundar.

8. Aukafjárveiting til Félags- og skólaþjónustunnar.

Stjórn Félags- og skólaþjónustunnar óskaði á fundi sínum þann 8. september eftir aukafjárveitingu vegna vanáætlunar og hækkunar á launakostnaði vegna kjarasaminga og aukningar á stöðugildi. Óskað er eftir 5.403.000- og er hlutur Ásahrepps 4,4% af því, eða 237.732-. Það samþykkt.

9. Álitsgerð vegna upprekstrarréttar.

Álit frá Pacta lögmönnum kynnt. Niðurstaða álitsins er að uppfylli búfjáreigandi á lögbyli þrennskonar skilyrði á viðkomandi upprekstrarrétt á afrétt. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

10. Innsend erindi.

- a. Framlenging á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands. Samningurinn rennur út um næstu mánaðarmót. Lagt til að verði framlengdur til 3 ára og að framlag hækki í 430 kr. per íbúa. Afgreiðslu frestað.
- b. Álit Samkeppnisstofnunar um samkeppnishömlur við meðhöndlun úrgangs til kynningar. Fjallað um framkvæmd Rvk. og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi við innleiðingu á endurvinnslutunnum fyrir pappír og pappa.
- c. Drög að tillögu á matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra vegafframkvæmda á Sprengisandsleið frá Vegagerðinni.
- d. Drög að tillögu að matsáætlun fyrir umhverfismat Sprengisandslínu frá Landsneti.
- e. Beiðni um styrk frá Stróki, klúbbi fyrir þá sem hafa átt eða eiga við geðræn vandamál að stríða, sem nemur 100 kr. á hvern íbúa. Það samþykkt.

- f. Beiðni um styrk vegna jólaballs kvenfélaganna í Ásahreppi og Holtum. Ekki tilgreind upphæð. Samþykkt að veita 50.000- í styrk til þess.
- g. Beiðni um styrk frá Kvenfélaginu Einingu vegna aðventuhátíðar, frí afnot af Laugalandi þann 30. nóvember og styrk upp á 30.000-. Það samþykkt.

11. Önnur mál.

- b. Gjaldskrá Brunavarna Rangárvallasýslu. Hún samþykkt.
- c. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Ásahreppi. Hún samþykkt.
- d. Viðbrögð við náttúruvá, viðbúnaður Vatnsveitunnar við mögulegum flóðum í Þjórsá. Lagt til að Ásahreppur standi að kaupum á einni rafstöð af þremur til að tengja við dælur veitunnar ef til hamfara kemur. Það samþykkt. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu með framkvæmdastjóra Vatnsveitunnar.
- e. Fjárhagsáætlun Vatnsveitunnar kynnt og samþykkt.
- f. Oddviti leggur til að fulltrúi Ásahrepps í Skipulagsnefnd verði Nanna Jónsdóttir sem aðalmaður og Egill Sigurðsson til vara. Þá verði Nanna Jónsdóttir aðalmaður í stjórn Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita og Egill Sigurðsson til vara. Það samþykkt.
- g. Elín Grétarsdóttir tilnefnd í Stóra forvarnarhópinn á starfssvæði Félagsþjónustunnar.
- h. Erindi frá Sigrúnu Björk Benediksdóttir leikskólastjóra Leikskólans Laugalandi. Óskað er eftir því að sveitarfélögin móti stefnu varðandi það hvernig bregðast á við skorti á faglærðu fólki þ.e. leikskólakennurum í leikskólum sveitarfélaganna og marki sér stefnu og finni leiðir til þess að laða hingað á svæðið menntað sem geri það raunhæfan kost fyrir fagmenntað fólk að ráða sig til vinnu hjá leikskólunum. Einnig að fólk sem býr á svæðinu verði hvatt til náms og styrkja. Það rætt og ákveðið að oddviti og sveitarstjóri Ásahrepps fundi um málið við oddvita og sveitarstjóra Rangárþings ytra þar sem leitað verði leiða til að bregðast við stöðunni.
- i. Beiðni um styrk frá Knattspyrnufélagi Rangæinga. Samþykkt að veita þeim 100.000-kr. styrk og Ásahreppur samþykkir fyrir sitt leiti að veita félaginu afnot af íþróttasalnum á Laugalandi eina klst .á viku.

Fundagerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl 19.10.